

Nd.

217. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 30. des. 1939, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta fjallar um lækkun á tollum á nýjum og þurrkuðum ávöxtum og hnetum. Af nýjum ávöxtum er verðtollur lækkaður úr 30% niður í 10%, af þurrkuðum ávöxtum er sami tollur lækkaður úr 50% í 25% og af hnetum úr 30% í 10%. Svo sem segir í greinargerð frv., er lækkun þessi gerð af hálfu ríkisstjórnarinnar í samræmi við verzlunarsamning við Bandaríkin.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn vill leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn sér ekki ástæðu til, að vörur þær, sem frv. fjallar um, nýir og þurrkaðir ávextir og hnetur, séu yfirleitt tollaðar. Það er óþarfi að rökstyðja það, hver nauðsyn isl. þjóðinni er á því að hafa nóg af ódýrum ávöxtum. Þá nauðsyn viðurkenna allir. Eins og nú er komið, verða ekki heldur fundin nein rök fyrir því að halda áfram að tolla þessar nauðsynjavörur. Það er ekki heldur neitt brot á þeim verzlunarsamningi, sem gerður hefur verið við Bandaríkin, að fella algerlega niður tolla á ávöxtum.

Með tilvísun til þessa leggur minni hlutinn það til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

8. kafli 1. gr. laganna orðist svo:

Ávextir til neyzlu, nýir og þurrkaðir, tollfrjálsir.

Alþingi, 20. okt. 1943.

Áki Jakobsson.